

Ástunga verður framkvæmd á:

Deild _____ Landspítala Fossvogi

Deild _____ Landspítala Hringbraut

Landspítali - háskólasjúkrahús

Skiptiborð - sólarhringsvakt . . . 543 1000

Lungnadeild A6 í Fossvogi. . . . 543 6670

Athygli skal vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundnir þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnid að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
LYFLÆKNINGASVIÐ I
LUNGNADEILD A6
ÁGÚST 2006 - 1. ÚTGÁFA

HÖFUNDIR OG ÁBYRGÐARMADDUR:
GUNNAR GUÐMUNDSSON

RITSTJÓRI:
ÞORBJÖRG SÓLEY INGADÓTTIR

LIÓSMYND: KYNNINGARMÁL LSH/JBH
HÖNNUN: KYNNINGARMÁL LSH/AV



5 690939 122833

Ástunga á fleiðruhol og sýnatökur frá fleiðru



Hér á eftir fara upplýsingar um ástungu á fleiðruhol og sýnatökur frá fleiðru. Ef eitthvað er óljóst og spurningar vakna eftir lestur þessa pésa skaltu hikaust leita til starfsfólks deildarinnar sem er ávallt reiðubúið að reyna að svara spurningum.

Hvað er fleiðruhol?

Fleiðruhol er holið sem liggur milli brjóstveggjar og lungna og er klætt himnu sem liggur að lungunum annarsvegar og að brjóstveggnum hinsvegar.

Venjulega er lítið af vökva í þessu holi en við margskonar sjúklegt ástand getur vökvinn aukist og er þá oft nauðsynlegt að fá sýni af vökvanum eða fleiðruhimmunni.

Hvað er ástunga á fleiðruhol?

Við fleiðruholsástungu er nál stungið í gegnum brjóstvegg inn í fleiðruhol og tekið sýni.

Þetta er gert þegar sést hefur vökvi í fleiðruholi á röntgenmynd eða tölvusneiðmynd og nauðsynlegt er talið að fá sýni frá þessum stað. Grunur getur leikið á að um sé að ræða krabbamein, sýkingu eða bólgusjúkdóm og fleira.

Undirbúningur

Enginn sérstakur undirbúningur er fyrir aðgerðina. Ef þú hefur verið á blóðþynningu með Magnyl, Kóvar eða öðrum lyfjum þarf að hætta þeirri meðferð nokkrum dögum fyrir ástunguna.

Ástungan sjálf

Ástungan er gerð á sjúkradeild eða göngudeild. Á meðan situr þú eða liggur eftir aðstæðum. Þú færð staðdeyfingu í húð með sprautu. Síðan er nál stungið milli rifja á bakinu og inn í fleiðruholið og sýni tekið.

Á eftir liggur þú líklega í 1 - 2 klst. til að jafna þig og til eftirlits. Stundum er tekin ný röntgenmynd af lungunum áður en þú heldur heimleiðis.

Hugsanlegir fylgikvillar

Þessar aðgerðir eru hættulitlar en alvarlegir fylgikvillar eru þó hugsanlegir.

- Stungan sjálf er yfirleitt lítið sárari en blóðprufa, en af því að stungið er gegnum fleiðruhimmu er hætt á að loft komist þar inn. Lungað fellur þá saman, mismikið eftir magni loftsins. Oftast er ekki þörf á meðferð þótt þetta gerist, en stundum er loftið sogað út með sprautu eða settur er inn svo kallaður keril til að soga það út.
- Blæðing frá slagæð í lunganu er hugsanleg ef stungið er í æð í aðgerðinni. Yfirleitt er blæðingin lítil en lífshættulegar blæðingar hafa þó komið fyrir.

Eftirfylgni

Engin óþægindi vegna aðgerðarinnar eiga að vera eftir að heim er komið. Ef þú færð sáran brjóstverk eða verður þungt um andardrátt ættir þú að hafa samband við vakthafandi lungnalækni á Landspítala í gegnum skiptiborð.

Rannsókn á sýninu tekur fáeina daga. Læknirinn hefur samband við þig þegar niðurstöðurnar eru komnar.